

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Drangnesi 15. janúar 2023

Erindi : Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiársins 2023/2024.

Kaldrananeshreppur sækir hér með um að eftirfarandi sérreglur við reglugerð um byggðarkvóta, gildi fyrir úthlutun byggðakvóta til útgerða í Kaldrananeshreppi.

Á sveitarstjórnarfundi þann 14.12.2022 er bókaður vilji að sama fyrirkomulag verði í gildi og eins og undanfarin ár.

Sveitarstjórn telur mikilvægt að nýliðum sé gert kleift að tryggja rekstrargrundvöll sinn með því að skipta hluta aflaheimildina á báta og slík nálgun skapi meiri sátt um ráðstöfun aflaheimilda í byggðarlaginu en ef almenna reglugerðin væri notuð.

sbr. sérregla sem áður hafa verið í gildi í Kaldrananeshrepp. (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda).

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks,

sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir

af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem

uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og

skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum á Drangnesi á fiskveiðiárinu

2022/2023 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til

Drangness, miðað við allan landaðan botnfiskafla á Drangnesi í tegundum sem hafa þorsk-

ígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.


b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að

Kaldrananeshreppur.

landa á Drangsnesi þeim afla sem telja á til byggðakvóta Drangsness og til vinnslu innan Drangsness á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Fh Kaldrananeshrepps


Finnur Ólafsson, Oddviti